

Upphaf annar

Nú er vorönn 2016 hafin. Kennsla hófst miðvikudaginn 6. janúar eftir hraðtöflu. Hún er hugsuð til að nemendur geti hitt sína kennara og fengið upplýsingar um hvað þeir þurfa að hafa með sér í næstu tímum. Hver tími var 30 mínútur og gafst þannig einhver tími til kennslu.

Veðuröflin hafa verið okkur óblíð og er mikil hálsa á bílastæðinu. Hvet ég alla til að fara varlega og það er ekki slæm hugmynd að nota mannbrodda.

Einnig er mikill snjór á bílastæðinu og stæðin nýtast illa. Því er hætt við að bílastæðið fyllist. Hvet ég alla sem geta til að koma í skólann fótgangandi eða með almenningsamgöngum.

Vorönnin er talsvert lengri í vikum en haustönnin því hafa nemendur stundim slegið slöku við í upphafi annar. Það getur komið nemendum í koll þegar líða tekur á önnina. Það er því mikilvægt fyrir foreldra að vera á varðbergi og fylgjast vel með skólasókn og ástundun. Mun fleiri nemendur lenda í vandræðum á vorönn en á haustönn.

Brautskráning 19. des. 2015

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ útskrifaði 78 nemendur við hátíðlega athöfn í Urðarbrunni, hátíðarsal skólans, laugardaginn 19. desember. Alls útskrifuðust 73 af stúdentsbrautum, flestir af náttúru- og félagsfræðabrautum. Dúx skólans að þessu sinni var Sóley Vera Helgadóttir, af hönnunar og markaðsbraut. Fjöldi annarra nemenda fékk verðlaun fyrir bæði góðan árangur í námi sem og skólasókn.

Tónlistartriði fluttu feðgarnir Sævar Árnason og Pétur Þór Sævarsson, stúdent af málbraut. Vöktu þeir mikla lukku fyrir flutning sinn. Ávarp nýstúdents flutti Hallvarður Jes Gíslaon, stúdent af leiklistarbraut og fékk ávarpið góðan hljómgrunn meðal gesta.

Skólasóknarsamningar

Fyrir einu ári tókum við upp nýtt fyrirkomulag hvað varðar skólasóknarsamninga. En það eru samningar fyrir þá nemendur sem hafa sótt skólann illa.

Samkvæmt þessum samningi er ætlast til að nemendur mæti að minnsta kosti 95% í skólann eða missi sitt pláss í skólanum. Þetta gekk mjög vel fyrstu önnina og má segja að sjaldan hafi skólasókn verið betri en á síðustu vorönn. Það var gleðilegt en það olli okkur talsverðum vonbrigðum að þeir nemendur sem sóttu skólann mjög vel þegar þeir voru á samningi lentu margir hverjir í vandræðum á næstu önn. Það er erfitt að túlka þetta öðruvísi en svo að nemendur vilji meira aðhald.

Á fyrstu önninni með nýju samningunum vorum við með rúmlega 120 nemendur á samningi, á haustönninni voru þeir um 60 og á þessari eru þeir um 70.

Við leggjum afar mikla áherslu á skólasókn og vitum að slæm skólasókn skilar sér í verri námsárangri og eykur líkur á brotthvarfi. Það er von okkar að með stuðningi foreldra og nemenda takist okkur að bæta skólasókn og gera góðan skóla enn betri.



Sóley Vera Helgadóttir, dúx skólans, tekur við viðurkenningu úr höndum skólameistara.